



Drög - Samstarfsamningur við Hafnarfjarðarbæ

Hafnarfjarðarbær kt. 590169-7579 (hér eftir nefndur Hf) og Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609, (hér eftir nefnt MOF) gera með sér samning um samstarf vegna Gestakorts Reykjavíkur, Reykjavík City Card (hér eftir nefnt GR).

1. Markmið og skilgreining samnings

1.1 Með samningi þessum samþykkir Hf að veita handhöfum GR 2 fyrir 1 afslátt af aðgangseyri í sundstaði Hafnarfjarðarbæjar, **Sundhöll Hafnarfjarðar**, **Suðurbæjarlaug** og **Ásvallalaug**, gegn framvísun gilds GR á almennum opnunartímum sundstaðanna.

1.2 GR er tímabundið aðgangskort sem gildir í einn, tvo eða þrjá sólahringa, 24, 48 og 72 klst. GR eru gefið út fyrir 18 ára og eldri og einnig 6 – 18 ára og kallast þá Barnagestakort. Handhafa GR er frjálst að framvísa GR að vild til að öðlast þann afslátt sem hann á rétt á að fá á samkvæmt samningi þessum á meðan gildistími GR sem hann hefur greitt fyrir er virkur.

2. Ábyrgð

2.1 MOF er útgefandi og ábyrgðaraðili GR og sér Höfuðborgarstofa um umsýslu.

2.2 MOF ber ábyrgð á að hanna og prenta bækling sem veitir upplýsingar um aðgangs- og afsláttarstaði GR og tilheyrir GR.

2.3 Hf ber ábyrgð á að veita handhöfum GR umbeðin afslátt að sundstöðum þess.

3. Samningstími

4.1 Samningstímabilið er í eitt ár, frá 15. maí 2015 til 14. maí 2016.

5. Úrlausn ágreiningsmála

5.1 Komi upp ágreiningur milli samningsaðila vegna samnings þessa skulu aðilar leitast við að leysa hann sín í milli. Náist ekki samkomulag er hvorum aðila um sig heimilt að leggja ágreininginn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og skal hvor samningsaðili fá eitt eintak til varðveislu.

Reykjavík, _____ 2015

f.h Hafnarfjarðarbæjar

f.h Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar